

Fundur í skólanefnd 16. september 2004.

Mætt á fundin voru: Birna Sveinsdóttir, Björn Hallbjörnsson, Dóra Sveinbjörnsdóttir, Gígja Óskarsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Björn Ingi Óskarsson, Björk Hlöðversdóttir fulltrúi kennara, Ólafur Bernódusson aðstoðarskólastjóri, Ingibergur Guðmundsson skólastjóri

1. Kosningar.

Nýskipuð skólanefnd þurfti að kjósa sér formann og ritara. Birna Sveinsdóttir var kjörin formaður og Dóra Sveinbjörnsdóttir ritari. Voru þær báðar kjörnar samhljóða.

2. Boðað verkfall 20. september.

Umræður urðu um væntanlegt verkfall grunnskólakennara sem hefjast á 20. september næstkomandi. Fyrir lágu bréf um framkvæmd verkfallsins frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Kennarasambandi Íslands. Óljóst er ennþá hvort stundakennarar, sem ekki fara í verkfall, munu kenna eður ei. Ef til kennslu kemur þá er ljóst að ekki má færa kennsluna til á stundaskrá .

Allmiklar umræður urðu um málefni tengd væntanlegu verkfalli en engar ákvarðanir teknar.

3. Ósk um tímabundna ráðningu starfsmanns.

Þessi liður snertir málefni einstaks nemanda og er því færður beint í trúnaðarbók.

4. Önnur mál.

Ingibergur tilkynnir að hann muni taka sér vetrarfrí frá og með 21 september til og með 28 sept.

Fleira ekki tekið fyrir fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl:17:35